

8. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hundahald í Reykjavík nr. 61/1924 og 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 1950.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda skv. ákvæðum 6. gr.
- II. Leitað skal eftir afstöðu borgarbúa til hundahalds í Reykjavík með því að bera mál þetta undir atkvæði allra atkvæðisbærra borgarbúa, þegar nokkur reynsla er fengin af framkvæmd samþykktar þessarar, þó ekki síðar en 4 árum eftir gildistöku hennar. Þeir einstaklingar, sem þá hafa leyfi til að halda hund, skulu sæta þeim ákvörðunum, sem teknar kunna að verða í framhaldi af slíkri atkæðagreiðslu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

### um gjald vegna hundahalds í Reykjavík.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur sbr. samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, staðfest af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í dag, skal vera kr. 400,00 fyrir hvern mánuð eða brot út mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið frá því að leyfið er veitt og til 1. mars 1985.

2. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*